

Hafnarfirði, 9. janúar 2023

2301125

Efni: Minnisblað um lyktarmengun frá holræsakerfi

Um miðjan desember mánuð 2022 fór að bera á mikilli lyktarmengun frá holræsakerfi bæjarins. Í fyrstu var talið að um minniháttar frávik væri að ræða enda koma reglulega kvartanir um slík mál sem oftast má rekja til þess að nágrannar eru að þrifa bíla eða slíkt í bílskúrum.

Fljótlega kom þó í ljós að ekki var um minniháttar frávik var að ræða og fóru starfsmenn fráveitu Hafnarfjarðar og Heilbrigðiseftirlits í vinnu við að finna upptök mengunarinnar. Starfsmenn fóru um og opnuðu brunnlok á til að athuga hvort um lyktarmengun olíubrák væri að ræða auk þess sem verktaki var fenginn til að skola kerfið með vatni og lagnir voru myndaðar. Eftir nokkurn tíma vaknaði grunur um að mengunin kæmi frá holræsakerfi Garðabæjar sem að hluta er tengt inn á holræsakerfi Hafnarfjarðar. Starfsmenn fráveitu Garðabæjar brugðust strax við og fóru í sambærilega vinnu og unnin hafði verið í Hafnarfirði og kom þá í ljós að bilun hafði orðið í hreinsibúnaði Costco afgreiðslustöðvarinnar í Kaupþúni. Haft var samband við forsvarsmann Costco sem setti strax af stað vinnu við lagfæringar.

Heilbrigðiseftirlitið hefur fundað með fulltrúum Costco og óskað eftir skýringum á hvers vegna svo mikil leki hafi verið úr olíutönkum og að það hafi ekki komið fram í reglubundnu eftirliti, né í birgðabókhalda félagsins. Ljóst er að við tæmingu 9. desember að óeðlilega mikið magn var í olíuskilju og hefði það átt að gefa vísbendingar um að eitthvað hafi verið að.

Olíuskiljur eiga að tryggja að olíuefni eiga ekki að berast í frárennsli og minni háttar olía sem fer niður við ádælingu á að safnast í olúgildrurnar sem tæmdar eru með reglubundnum hætti. Samkvæmt upplýsingum heilbrigðiseftirlitsins hefur sjálfvirkur viðvörunarbúnaður í viðkomandi olíuskilju verið óvirkur frá 9. desember og er það óásættanlegt að ekki hafi verið farið í lagfæringu á þeim búnaði þegar í stað.

Heilbrigðiseftirlitið hefur gert kröfu um að fylgst verði með olíuskiljum á tveggja vikna fresti þar til skýringar hafa verið lagðar fram hvers vegna viðvörunarbúnaður virkaði ekki í samræmi við kröfur né misræmi á birgðastöðu hafi vakið athygli fyrirtækisins á að leki hafi verið frá stöðunni."

Guðmundur Elíasson

Umhverfis- og veitustjóri